

Verðkönnun á rafmagni og heitu vatni til heimila í tíu bæjarfélögum

[Neytendasamtökin](#) + Orkuveita Húsavíkur

25. nóv. 2002

Krafan frá Evrópusambandinu um frelsi og aukna samkeppni á rafmagnsmarkaði er umdeild og sjálfsagt ekki gallalaus. Neytendasamtökin gerðu á sínum tíma ýmsar athugasemdir við drög að nýjum lögum á þessu sviði en hafa ekki fengið til umsagnar nýtt frumvarp iðnaðarráðherra til að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins. Okkur lék hins vegar forvitni á að skoða hvað heimilin í landinu eru að greiða fyrir rafmagn og hita í dag, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem framundan eru á því fyrirkomulagi sem við búum við í dag.

Neytendasamtökin gerðu könnun þar sem gengið var útfrá fyrirfram gefnum forsendum. Um er að ræða fjölskyldur í tíu bæjarfélögum sem búa í 150 fermetra steinhúsum og nota sama magn af rafmagni og hita. Átta veitur þjóna þessum svæðum, annað hvort bæði með rafmagni og hita eða öðru hvoru. Neytendum í öðrum sveitarfélögum er bent á að nota þessa könnun til samanburðar miðað við þær forsendur sem reiknað er út frá.

Ef tekið er saman hver kostnaður neytenda í þessum tíu bæjarfélögum er bæði fyrir rafmagn og hita, kemur í ljós að munurinn á ódýrasta og dýrasta sveitarfélaginu er tæplega 30% eða um 24.000 krónur á ársgrundvelli. Athyglisvert er að samsetning veitanna skiptir höfuðmáli, því verðmunur á milli hitaveita fer upp í tæp 74% þar sem Hitaveita Suðurnesja er dýrust. Þegar kemur að rafmagni fer verðmunurinn í tæplega 45% og þar er Hitaveita Suðurnesja ódýrust. Þannig er hitinn og rafmagnið í heild hagstæðast í Hafnarfirði þar sem rafmagnið er keypt af Hitaveitu Suðurnesja og hitinn er keyptur af Orkuveitu Reykjavíkur.

BÆJARFÉLAG	RAFM. KR.	HITI KR.	SAMTALS KOSTNAÐUR Á ÁRI	VEITUR RAFMAGN/HITI	MUNUR Á LÆGSTA VERÐI
Selfoss	39.904	42.745	82.649	S.V./S.V.	
Hafnarfjörður	31.444	51.971	83.415	H.S./O.R.	0,9%
Reykjavík / Kópavogur	35.927	51.971	87.898	O.R./O.R.	6,4%
Sauðárkrókur	47.077	47.311	94.388	Rarik / Skagafj.veit.	14,2%
Húsavík	44.120	54.028	98.148	OH	18,7%
Borgarbyggð	47.077	51.971	99.048	Rarik/O.R.	19,8%
Ísafjörður	37.017	68.246	105.263	O.V/O.V.	27,4%
Akureyri	33.639	71.945	105.583	N.O./N.O.	27,8%
Reykjanesbær	31.444	74.290	105.734	H.S./H.S.	27,9%
Egilsstaðir	47.077	59.997	107.074	Rarik/H.E.	29,6%

[Þar sem ekki er tekið tillit til hitastigs á heitu vatni í samanburðinum má ætla að kostnaður þess sé mun meiri á Sauðárkróki og eitthvað hærrí á Egilsstöðum. Kostnaður á Sauðárkróki fari þannig yfir 100.000 kr. og sé þar með orðinn meiri en á Húsavík og í Borgarbyggð. **Kostnaður á Húsavík væri skv. því fjórði lægsti af þessum bæjarfélögum.** Þá er Reykjanesbær sennilega ofáætlaður í kostnaði(mæliaðferð) og færi jafnvel upp fyrir Akureyri og Ísafjörð í töflunni.]

Hitun íbúðarhúsnæðis

Gert er ráð fyrir heitu vatni fyrir fjölskyldu sem býr í 150 fermetra steinhúsi, þ.e. 375 rúmmetra húsnæði og er miðað við að notaðir séu 630 rúmmetrar af heitu vatni á ári. Ef miðað er við að varmanýting sé með besta móti, fengust þær upplýsingar hjá orkuveitunum að ásættanleg varmanýting væri um 1,7 tonn af vatni fyrir hvern rúmmetra húsnæðis. Á heimasíðum orkuveitanna er hægt að fá góðar upplýsingar um það hvernig er hægt að ná sem bestri varmanýtingu. Það ber að hafa í huga að mælingar hjá hitaveitum eru framkvæmdar með mismunandi aðferðum, flestar veiturnar eru með rúmmetramælingu en í tveimur tilvikum eru hemlar þar sem notandinn ákveður fyrirfram hve stóran vatnskammt hann kaupir. Miðað við þær forsendur sem könnunin gengur út á fengust þær upplýsingar hjá þessum tveimur veitum hvaða stilling er talin vera passleg og var í báðum tilfellum uppgengið 3 lítrar á mínútu. Síðan er í einu tilfelli rafkynt hitaveita og þar er reiknuð út sú orka sem tekin er úr vatninu í kwh og þar er talið gott að ná 40 kwh út úr rúmmetranum og var þá miðað við 630 rúmmetrar eins og í hinum tilvikunum. Einnig ber að taka fram að í sumum tilvikum er virðisaukaskattur vegna húshitunar endurgreiddur að hluta og er tekið tillit til þess í samanburðinum. Virðisaukaskattur er 14% fyrir heitt vatn til íbúðarhúsnæðis.

Bæjarfélag	Híti kr.	Híti kr. m. seðilgjaldi	Munur á lágsta verði	endurgr. vsk. af 14%
Selfoss	42.745	42.745		0%
<i>Sauðárkrókur*</i>	<i>47.311</i>	<i>47.311 + ?</i>	<i>10,7%</i>	<i>0%</i>
Reykjavík / Kópavogur	50.471	51.971	21,6%	0%
Hafnarfjörður	50.471	51.971	21,6%	0%
Borgarbyggð	50.471	51.971	21,6%	0%
Húsavík	54.028	54.028	26,4%	0%
<i>Egilsstaðir</i>	<i>59.997</i>	<i>59.997 + ?</i>	<i>40,4%</i>	<i>41%</i>
Ísafjörður**	68.246	68.246	59,7%	61% auk 2,37 af kwh.
Akureyri	71.945	71.945	68,3%	62%
<i>Reykjanesbær*</i>	<i>74.290</i>	<i>74.290 - ?</i>	<i>73,8%</i>	<i>19 %</i>

* Hemill **Rafkynt hitaveita

[Þar sem vatn er mun kaldarar á Sauðárkróki (70°C) og Egilsstöðum (75°C) en annars staðar (80°C) eru verð þar umtalsvert of lág. Þá má ætlað að Reykjanesbær eigi að koma betur út en hér segir, en samanburður er ekki alveg sambærilegur, þar sem það svæði ásamt Sauðárkróki nota hemla í stað rennslismæla.]

Rafmagn, almenn heimilisnotkun

Miðað var við að ársnotkun fjölskyldu væri um 4000 kwh. Gjaldskrártaxtinn er almenn notkun. Allar veiturnar framkvæma mælingar við heimilisnotkun á sama hátt og samanburður því einfaldur. Virðisaukaskattur af rafmagni er 24,5% og ekki um neinar niðurgreiðslur að ræða.

Bæjarfélag	Rafmagn kr.	Rafmagn kr. m. seðilgjaldi	Munur á lægsta verði
Hafnarfjörður	31.444	31.444	
Reykjanesbær	31.444	31.444	
Akureyri	33.639	33.639	7,0%
Reykjavík / Kópavogur	34.427	35.927	14,3%
Ísafjörður	37.017	37.017	17,7%
Selfoss	39.904	39.904	26,9%
Húsavík	44.120	44.120	40,3%
Sauðárkrókur	45.577	47.077	49,7%
Borgarbyggð	45.577	47.077	49,7%
Egilsstaðir	45.577	47.077	49,7%

Veitur sem voru með í könnuninni

Að lokum birtum við til glöggvunar gjöld þeirra veitna sem voru með í þessari könnun. Könnunin fór þannig fram að Neytendasamtökin fengu afrit af orkureikningum frá fjölskyldum sem búa í þeim bæjarfélögum sem könnunin náði til, reikningarnir voru fyrir tímabilið september eða október 2002. Neytendasamtökin hafa áður skoðað verð á umdeildum seðilgjöldum og látum það fylgja með í töflunni, sem betur fer eru aðeins tvær veitur sem innheimta sérstaklega fyrir seðilgjöld.

Veitur	Rafmagn		Heitt vatn, rúmmálsnotkun		Heitt vatn, hemlar		Seðilgjöld
	Kr. per Kwh	Fasta-gjald	Kr. per m3	Fasta-gjald	kr. mín. pr dag	Fasta-gjald	
Orkuveita Reykjavíkur	7,68	10,13	67,26	22,18			249
Rarik	9,64	19,26					125
Skagafjarðarveitur					40,46	8,24	
NorðurOrka	7,54	9,47	100,05	24,41			
Hitaveita Suðurnesja	7,06	8,78			64,08	11,31	
Selfossveitur	9,15	9,04	56,15	20,20			
Orkubú Vestfjarða	8,06	13,13					
Orkubú Vestfjarða rafkynding	1,44	48,26	22,73				
Orkuveita Húsavíkur	9,95	11,83	76,68	15,67			
Hitaveita Egilsstaða			83,36	20,49			
Forsendur á ári	Fjöldi Kwh	Daga-fjöldi	Fjöldi m3	Daga-fjöldi	Líttra-fjöldi pr. mín	Daga-fjöldi	
	4.000	365,00	630,00	365,00	3	365,00	